

**1 fundur stjórnar**  
**10.nóvember 2010**

**Mætt eru:** Haraldur Þórarinnsson (HP), Maríanna Gunnarsdóttir(MG), Erla G. Gylfadóttir(EGG), Gunnar Sturluson(GS), Oddur Hafsteinsson(OH), Sigurður Ævarsson(SÆ), Þorvarður Helgason(ÞH), Sigrún Þórðardóttir(SÞ) og Andrea Þorvaldsdóttir(AP).

Oddrún Sigurðardóttir (OS) ritar fundargerð.

1. Farið yfir síðustu fundargerð stjórnar frá Akureyri. Samþykkt með breytingum. Birt á heimasíðu LH föstudaginn 12. nóvember.
  - Ákveðið var að stjórn LH hafi viku til að samþykkja fundargerð eftir fundi, eftir það er hún birt á vef sambandsins.
2. Stjórn skiptir með sér verkum.
  - Gjaldkeri: Sigrún Þórðardóttir, ritari: Oddur Hafsteinsson.
3. Stjórnarfundir og skipulag
  - HP lagði til að funda á mánaðar fresti eða þangað til að verkefni stjórnar og nefnda væri komin á stað.
  - Samþykkt að leggja til fundarplan fram í febrúar á næsta stjórnarfundi. Einnig samþykkt að fara með einhverja stjórnarfundi út á landsbyggðina.
  - Samþykkti var að hreyfingarlistar úr bókhaldi yrðu lagðir fram á hverjum stjórnarfundi
  - Rætt var um fundarkostnað stjórnarmanna. Þeir sem sitja í aðalstjórn fá greitt fyrir bílakostnað, varamenn fá greitt fyrir 1. og síðasta fund þess tímabils sem þeir sitja í varastjórn.  
OS og GS munu fara yfir starfsreglur stjórnar LH og koma með svör á næsta stjórnarfundi við því hvort þörf sé á sérstökum starfsreglum fyrir stjórnina.
4. Landsþing LH 2010
  - Sendar hafa verið út þær ályktarnirnar sem Landsþingið samþykkti.
  - Farið var yfir tillögur þingsins, skrifstofa LH vinnur í því að senda tillögur til viðeigandi nefnda LH sem samþykktar voru á þinginu.
5. Nefndir
  - Farið yfir nefndir. Áætlað að klára nefndarskipun á 1 fundi eftir áramót.

## 6. Önnur mál

### - Íslandsmót 2011

Dagsetningar móta skoðaðar. Fyrir lágu bréf um dags á Íslandsmótum mótum og voru þær samþykktar

Sleipnir 14.-16. júlí.

Máni 21.-24. júlí.

### - Kredit Info

Tilboð frá Kredit Info skoðað varðandi fjölmiðlavöktun fyrir LH. Stjórn fól skrifstofu að skoða þetta mál.

### - Mastersritgerð Hjörnýjar Snorradóttur

Stjórn samþykkti að kaupa afnotarétt á Masters ritgerð Hjörnýjar Snorradóttur og gera hana aðgengilega á heimasíðu LH fyrir aðildafélaga.

### - Fjáröflun fyrir Landsliðsnefnd

Erindi frá Landsliðsnefnd tekið fyrir til kynningar. Stjórn óskar eftir nánari útfærslu á verkefninu og kostnaðaráætlun.

### - Bréf frá Smára og Loga

Bréf sem barst skrifstofu LH frá Smára og Loga varðandi reiðvegafé tekið fyrir. Stjórn LH vísar málinu til samgöngunefndar.

### - Feif fundur Hollandi

GS sagði frá niðurstöðum fundarins.

SÆ spurði hvort spurningarlisti frá Task Force nefnd FEIF hafi borist til skrifstofu LH, skrifstofu falið að ath það mál. Ósk stjórnar er að fá Sigbjörn Björnsson á Lundum á næsta fund stjórnar varðandi umræðu í hans nefnd á FEIF fundi, en hann starfar í Task Force nefnd FEIF.

### - UMFÍ

ÞH sagði stjórn frá fundi sem hann átti með UMFÍ varðandi áframhaldandi samstarfs v/meistardeildar UMFÍ, yrði breytt fyrirkomulag frá því í fyrra.

### - Samút/Samtök útivistarfólks

ÞH í stjórn þeirra samtaka. Stjórn Samút á fund með samgönguráðherra varðandi reiðvegamál. Benti stjórn ÞH á að tala við formann samgöngunefndar áður en farið væri á fundinn.

### - Opin kerfi

Klára ganga frá samning við Opin kerfi

Fundi slitið.